

Nd.

123. Frumvarp til laga

[72. mál]

um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Endurskoða skal verð í kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér. Sexmannanefnd sú, sem um getur í 5. gr. laga nr. 101 1966, skal framkvæma þessa endurskoðun að fengnum skýrslum og gögnum frá Hagstofu Íslands. Náist ekki meiri hluti í Sexmannanefnd, skal skjóta málinu til úrskurðar yfirnefndar samkvæmt 3. málgr. 6. gr. laga nr. 101 1966. Sexmannanefnd og yfirnefnd skulu ljúka endurskoðuninni fyrir 20. desember 1967. Þær breytingar á verði landbúnaðarafurða, sem af endurskoðuninni leiðir, skulu taka gildi 1. janúar 1968.

2. gr.

Fé það, er kemur vegna úfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 69 1967, skal nota til þarfa landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna breytingar á gengi íslenzkrar krónu hinn 24. nóvember 1967 hækka ýmsir kostnaðarliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara verðlagsársins 1967/1968, svo sem erlendur fóðurbætir, benzín, olíur o. fl. Ber því nauðsyn til, að verðlagsgrundvöllur sá, sem ákveðinn var með úrskurði yfirnefndar hinn 1. desember 1967, verði endurskoðaður. Gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins, að Sexmannanefnd framkvæmi greinda endurskoðun. Náist ekki meiri hluti í Sexmannanefnd, gengur málið til fullnaðarúrskurðar yfirnefndar með venjulegum hætti.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 69 1967, skal verja gengishagnaði vegna útflutningsafurða, sem framleiddar eru fyrir 31. desember 1967, í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði. Jafnframt var gert ráð fyrir, að þessu verði skipað með sérstökum lögum. Í samræmi við þessa ráðagerð er svo fyrir mælt í 2. gr. frumvarpsins, að gengishagnaði af útfluttum landbúnaðarafurðum framleiddum fyrir árslok 1967 skuli ráðstafað af landbúnaðarráðherra.